

Nd.

442. Nefndarálit

um frumvarp til laga, er mæla svo fyrir, að verkamönnum hins íslenska ríkis skuli reikna kaup í landaurum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er á einu máli um það, að alls ekki sje tiltækilegt að hreyfa við launamálunum yfirleitt á meðan þetta ástand ríkir, sem nú er. Fyrir því vill hún ekki leggja til, að þetta frumvarp, eða neitt í líka átt, nái fram að ganga á þessu þingi, enda er sú leið, sem frumv. stingur upp á að fara, með öllu óundirbúin. En nefndin vill hins vegar styðja grandgæfilega athugun einnig þessarar hliðar málsins, og leggur þess vegna til, að það verði afgreitt í háttv. deild með svohljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Í trausti þess, að landsstjórnin taki til rækilegrar athugunar við væntanlegan undirbúning launamálanna, hvort tiltækilegt muni að greiða starfsmönnum landsins laun þeirra í landaurum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. ágúst 1917.

Magnús Guðmundsson,
formaður.

Gísli Sveinsson,
skrifari og framsm.

Pórarinn Jónsson.

H. J. Kristófersson.

Þorsteinn M. Jónsson.